

## Forsætisráðuneytið

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg

## Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Arnarhvoli við Lindargötu

101 Reykjavík

# Hagsmunasamtök Heimilanna



1. febrúar 2019

### Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um mál nr. S-19/2019 í samráðsgátt stjórnvalda

#### *Sameining Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins*

Mál þetta lýtur að áformum um sameiningu Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins, þannig að ný deild innan seðlabankans hafi eftirlit með fjármálafyrirtækjum. Hagsmunasamtök heimilanna leggja ekki gegn slíkum áformum, en áherslur samtakanna snúa fyrst og fremst að neytendavernd og stöðu neytenda á fjármálamarkaði. Eftirlit með lögum og reglum á því sviði er að mestu leyti á verksviði Neytendastofu, en þó að hluta til hjá Fjármálaeftirlitinu, svo sem með þeim reglum sem gilda um heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja. Þó er mjög sérstakt með hvaða hætti stofnunin sinnir slíku eftirliti. Neytendur sem beina kvörtunum þangað fá ekki stöðu sem aðilar kvörtunarmáls líkt og hjá Neytendastofu heldur meðhöndlar Fjármálaeftirlitið slíkar kvartanir fremur sem “ábendingar”. Fyrir vikið hefur sú leið reynst neytendum nánast gagnslaus til þess að leita réttar síns ef þeir telja á sér brotið í viðskiptum við fjármálafyrirtæki. Í svari við fyrirspurn til fjármála- og efnahagsráðherra um eftirlit stofnunarinnar (þskj. 1333 - 529. mál. 149. löggj.) var jafnframt fullyrt að Fjármálaeftirlitið fylgdi því eftir að fjármálafyrirtæki færu eftir niðurstöðum dómstóla í málum sem varða neytendur. Engu að síður hafa einstaklingar leitað til samtakanna sem hafa ekki enn fengið mál sín leiðrétt samkvæmt þeim dómum sem þar voru nefndir, jafnvel rúmu ári seinna. Samtökin telja því að Fjármálaeftirlitið hafi reynst gagnslítið í eftirliti með réttindum neytenda.

Af ofangreindum ástæðum leggja samtökin til að í tengslum við þá fyrirhuguðu sameiningu sem hér um ræðir, verði jafnframt hugað að því að færa öll verkefni við eftirlit með lögum og lagaákvæðum sem lúta að neytendavernd yfir til Neytendastofu, sem ekki eru þar nú þegar. Þar á meðal hýsingu úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Í því sambandi er jafnframt vísað til umsagnar Neytendastofu við Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið (mál nr. S-253/2018 í samráðsgátt stjórnvalda). Samtökin taka undir þau sjónarmið sem þar koma fram um mikilvægi þess að slíkt eftirlit og þjónusta við neytendur sé á sömu hendi hjá einum og sama eftirlitsaðilanum. Það væri til mikillar einföldunar og myndi auðvelda neytendum að koma ágreiningsmálum við fjármálafyrirtæki í réttan farveg. Jafnframt er brýnt að auka verulega fjárveitingar til eftirlits á sviði neytendaverndar.

- o -

Virðingarfyllst, f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is